

Fiskeldi Austfjarða
Strandgata 18
735 Eskifjörður

Reykjavík, 25. júní 2025
UOS2501623/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 20. maí 2025 – Fiskeldi Austfjarða hf, Röndin, Kópaskeri, ID 485

Þann 20. maí s.l. fór fram reglubundið eftirlit í Fiskeldi Austfjarða. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Rekstraraðili skal vakta líffræðilega gæðapætti í strandsjó skv. vöktunaráætlun, vöktun er ekki hafin.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Taka skal sýni úr innrennsli og frárennsli við hámarks- og lágmarkslífmassa þegar sýnataka er framkvæmd.

Fimm frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit barst eftirlitsaðila 6. maí sl. og telst því frávikin lokað.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfis- og orkustofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfstöðinni fyrir 1. maí ár hvert. Upplýsingarnar í grænu bókhaldi voru ekki fullnægjandi. Grænu bókhaldi var skilað inn 23. maí sl. með fullnægjandi upplýsingum og er því frávikin lokað.
3. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Brúsar voru án lekabyttu við fiskeldiskerin.
4. Gr 3.10 í starfsleyfi og 41. Gr í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi. Skv. 41. gr. í reglugerðinni 884/2017 þurfa mengunarvarnir vera tryggðar. Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu.
5. Samvk. Reglugerð nr 990, viðauki I 7 b. Þar sem framleiðslugeta er 1000 tonn af fiski skal skila inn útstreymisbókhaldi. Útstreymisbókhald var skilað inn til eftirlitsaðila 4. júní sl. og er því frávikin lokað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. júlí 2025.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits